

35

27. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður skal endurgreiða Búnaðarfélagi Íslands kostnað við búreikningaskrifstofuna, þar á meðal til útgáfu búreikningaskýrslna og eyðublaða til innfærslu búreikninga, en þó má sá kostnaður ekki fara fram úr 5000 krónum á ári.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Skólabúum bændaskólanna og öðrum ríkisstofnunum, er reka landbúnað, er skylt að færa búreikninga eftir fyrirmælum búreikningaskrifstofunnar og þeim fyrirmyndum, sem hún segir fyrir um. Búreikninga þessa með fylgiskjölum, eða afrit af þeim, skal senda búreikningaskrifstofunni til athugunar eftir lok hvers reikningsárs. Athugasemdir þær, er hún kann að gera við reikninga þessa, skal senda landbúnaðarráðuneytinu, sem gerir ráðstafanir til, að því verði þegar komið í lag, sem kann að reynast ábótavant samkvæmt þeim.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

36

27. júní

L Ö G

um breyting á sjómannaalögum, nr. 41 19. maí 1930.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „stýrimanna og vélstjóra“ í 2. málsg. 13. gr. laganna komi: stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna.

2. gr.

Í stað orðanna „stýrimaður eða vélstjóri“ í fyrri málsg. 32. gr. laganna komi: stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður.